



Samningur milli Grunnskóla Hornafjarðar og Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu

Markmið samningsins er

- að styrkja íþróttá-, list- og verkgreinakennslu á grunnskólastigi
- að gefa nemendum í 9. og 10. bekk Grunnskólans möguleika á fjölbreyttara vali
- að styðja við heilbrigðan lífsstíl með áherslu á að nemendur eigi sér áhugamál sem þeir sinna af alúð
- að draga úr brottfalli nemenda úr tónlistarnámi

Með þessum samningi geta nemendur í 9. og 10. bekk Grunnskólans notað Tónskólanám sitt upp í val tíma sem eru í síðasta tíma dagsins einu sinni í viku. Ekki er hægt að tryggja þeim tíma í tónskólanum á sama tíma en þó er reynt að koma eins mörgum að þá og hægt er.

Ábyrgð á kennslu og námsmati er á höndum Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu.

Tónskólinn skilar umsögnum um mætingu og ástundun til Grunnskólans fyrir hver annaskil.


Í upphafi hvers skólaárs nær samningurinn aðeins til 10. bekkinga en um hver áramót mega 9. bekkingar einnig taka þátt.


Skólarnir hafa með sér náíð samstarf um það hvaða nemendur það eru sem falla undir þennan samning.

Samningur þessi er Grunnskóla Hornafjarðar að kostnaðarlausu.

Samningur þessi gildir til eins árs í senn og endurnýjast sjálfkrafa ef ekki eru gerðar á honum breytingar eða honum sagt upp fyrir apríl lok ár hvert.

24. júní 2010


Skólastjóri Grunnskóla Hornafjarðar
Þórgunnur Torfadóttir


Skólastjóri Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu
Jóhann Morávek